

Aðalfundur Ungmennafélags Selfoss haldinn í félagsheimilinu Tíbrá fimmtudaginn 4. apríl 2019.

Fundargerð

1. Formaður félagsins Viktor Stefán Pálsson setti fundinn kl. 20:00 og bauð fundarmenn og gesti velkomna.
2. Fundarstjóri var kosinn Guðmundur Kr. Ingvarsson og Gissur Jónsson til vara.
3. Fundarritarar voru kosnir Svanur Ingvarsson og Dagrún Ingvarsdóttir.
4. Fundarstjóri lagði fram tillögu frá stjórn Umf. Selfoss að dagskrárbreytingu sem samþykkt var samhljóða. Guðmundur Kr. Jónsson fyrrum formaður Umf. Selfoss var kosinn heiðursfélagi Ungmennafélags Selfoss, var honum afhentur heiðursfélagafáni með áletruðu nafni. Farið var yfir helstu störf Guðmundar Kr. fyrir félagið. Við sama tilefni var Kristínu Láru Ólafsdóttur veitt silfurmerki félagsins. Fundarstjóri þakkaði hjónunum ævilangt og gott samstarf.
5. Í kjörbréfanefnd voru kosin Sveinbjörn Másson, Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir og Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson.

Gert var stutt fundarhlé meðan undirrituð var viljayfirlýsing milli Umf. Selfoss og Sveitarfélagsins Árborgar.

Viktor S. Pálsson formaður Umf. Selfoss skrifar undir viljayfirlýsingu milli Umf. Selfoss og bæjaryfirvalda varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja við Engjaveg. Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri, tók til máls og þakkaði fyrir að fá að taka þátt í fundinum og sagði það heiður að fá að undirrita yfirlýsinguna. Gísli Halldór sagðist sannfærður um ágæti íþróttamannvirkjana. Viljayfirlýsingin var lesin upp. Gísli óskaði að þetta yrði öllum til heilla og hamingju í framtíðinni.

6. Fundargerð síðasta aðalfundar var lögð fram og samþykkt samhljóða.
7. Viktor S. Pálsson formaður Umf. Selfoss flutti ársskýrslu félagsins fyrir árið 2018 sem birt hefur verið í ársriti félagsins – Braga. Þakkaði hann ritnefnd Braga fyrir góð störf. Þakkaði stjórnun og starfsmönnum deilda fyrir sitt framlag. Sagði ánægjulegt að allir formenn deildanna hafi verið endurkjörnir sem gerir stjórnun og allt utan umhald auðveldara, þá er haldið í reynslu og þekkingu sem þetta fólk hefur í deildinni. Viktor þakkaði sérstaklega þessum sjálfboðaliðum sín störf og var nýjum í stjórn óskað til hamingju. Tillaga var til aðalstjórnar í vetur að farið yrði yfir aðalskipulag félagsins, skoðaðir ferlar o.fl. Ekki gafst tími í þetta en ákveðið var að koma þessu í gang á komandi starfsári. Tilnefning kom frá sveitarfélaginu að tilnefna í vinnuhóp þar sem rædd eru frístundir, síðamál o.fl. Gefin verður út stefna og aðgerðaráætlun vegna þess. Skipulagt íþróttastarf er mikilvægt forvarnarstarf, þjálfar leiðtogahæfni og aga. Mikilvægt að krakkar finni sig við eitthvað skipulagt félagsstarf og ættu allir að geta fundið eitthvað innan félagsins. Mögulega væri hægt að setja markið að ná ákveðnum prósentum barna sem væru þátttakendur í félaginu. Börnum þarf að halda sem lengst í starfinu og seinka eins og hægt er brottfalli þeirra. Samhliða þessu þarf að vera skilningur hjá bæjaryfirvöldum svo hægt sé að efla starfið og því þarf aðstaða og

fjármagn að vera til staðar svo hægt sé að ná markmiðunum. Tíbrá er fullnýtt hús, setið er á hverri skrifstofu og fundaraðstaðan er fullnýtt. Breytingarnar sem gerðar voru fyrir nokkrum árum á aðstöðunni hafa aukið félagsandann innan félagsins enda var allt löngu sprungið. Átta starfsmenn deilda hafa starfsaðstöðu í Tíbrá en nokkrir sinna sínum störfum einnig annars staðar frá s.s. í Iðu. Svo allir hefðu pláss þyrfti að stækka aðstöðuna í Tíbrá. Fjölgun starfsfólks skýrist í öflugra starfi. Nauðsynlegt er að skoða með deildunum hvaða hlutverki aðalskrifstofa á að gegna og hvaða verkefnum hún á að sinna. Viktor vill þakka öllum starfsmönnum félagsins fyrir sín góðu störf. Viktor sagði samstarfið við sveitarfélagið gott þrátt fyrir breytt landslag í pólitík því bæjaryfirvöld átta sig á mikilvægi starfsins. Samningur er á milli félagsins og bæjarins, búið er að bæta við fjármagni til að ráða starfsmenn til deilda til að létta af sjálfboðaliðum og vill formaður þakka sveitarfélaginu það framlag. Nauðsynlegt að mati ungmennafélagsins er að tryggja meira fé til félagsins svo m.a. hægt sé að bæta aðstöðu félagsins. Ef vilji er til að hjálpa deildunum til að halda áfram í fremstu röð þarf sveitarfélagið samt sem áður að auka í. Eins og sést í Braga hefur félagið náð miklum árangri – 28 einstaklingar hjá félaginu kepptu með landsliðum og eftir því er tekið. Á HM í handbolta var þess t.d. getið að Selfoss væri að spila á mótí öðrum erlendum landsliðum. Mikil gróska er í félaginu. Þetta er mjög góð auglýsing fyrir ungmennafélagið og sveitarfélagið sem peningar fá ekki keypta. Þetta er hvatning fyrir félagið og svona fyrirmyndir eru góð fyrir aðra iðkendum í félaginu og eru deildunum nauðsynlegar. Þetta gerist ekki að sjálfu sér, mikil vinna liggur að baki hjá iðkendum, þjálfurum og stjórnarmönnum svo mikilvægt er að bætt sé í afreksstarfið. Mikil uppbygging hefur verið á Selfossi, íbúum hefur fjölgað, félagsmenn eru um 5.000 og laðar félagið að sér einstaklinga úr öðrum sveitarfélögum. Þetta er mikil áskorun og góð aðstaða því mikilvæg. Sem dæmi er aðstaða fyrir fimleika löngu sprungin, Iða ekki fullnægjandi fyrir handboltann og aðstaðan vegna fótboltans ekki viðundandi. Þessu þarf að bregðast við. Undanfarin ár hefur ekki verið mikil uppbygging við Engjaveg en með viljayfirlýsingunni mun það breytast svo mikilvægt er að þetta fari í gang fyrir Unglingalandsmótið 2020. Viktor lýsir metnaðarlegum hugmyndum m.a. fyrrum formans Guðmundar Kr. Jónssonar. Gert er grein fyrir þessum hugmyndum í Braga og mikilvægt er að þessi grunnvinna verði kláruð í samvinnu við deildir félagsins og það verði settur tímarammi á verkefnið. Uppbygging er langhlaup svo það er mikilvægt að hefjast handa. Formaður þakkar deildum, sveitarfélaginu, fyrirtækjum og öðrum sem gera það kleift að halda úti starfsemi félagsins.

8. Gissur Jónsson, framkvæmdastjóri Umf. Selfoss, fór yfir helstu tölur í ársreikningi félagsins.
9. Sveinbjörn Másson lagði fram álit kjörbréfanefndar og fór yfir mætingu fulltrúa á aðalfund. Mættir voru 49 af þeim 51 fulltrúum sem áttu rétt til setu á fundinum. Vantar tvo hjá framkvæmdastjórn.
10. Umræður um skýrslu formanns og ársreikninga félagsins. Reikningar félagsins voru lagðir fram og voru þeir samþykktir samhljóða.

Guðmundur Kr Jónsson tók til máls og þakkaði fyrir heiðurinn að vera kosinn heiðursfélagi hjá Umf. Selfoss. Guðmundur sagði að framförum í íþróttum væri m.a. háð aðstöðu og þeim sem stýra deildunum. Hann er ánægður með undirritun viljayfirlýsingar, hún byggir á frumhugmyndinni sem lögð var fram fyrir um þremur árum. Hann sagði þetta framtíðina, verðum að byggja hærra upp og lengra fram svo

iðkendur njóti sín í keppni og hafi sömu aðstöðu og félögin á höfuðborgarsvæðinu. Allar deildir gera þetta á frábæran hátt og það heldur iðkendunum hér á Selfossi. Grýlupottahlaupið er 50 ára í ár og vonast Guðmundur eftir því að fá að vera ræsir næsta laugardag þegar fyrsta hlaupið af sex verður í ár. Grýlupottahlaupið var útbúið til að fá krakka og foreldra til að hreyfa sig og sannast það hér að Umf. Selfoss er besta íþróttafélag á Íslandi.

Þórir Haraldsson formaður handknattleiksdeildarinnar tók til máls og þakkaði starfsfólki og stjórn fyrir óeigingjarnt starf. Þakkaði ritstjórn Braga fyrir góða vinnu. Þórir fagnar undirritun viljayfirlýsingar um íþróttamannvirki. Höfum náð miklum árangri hjá börnunum og þurfum að bæta okkur í að halda því uppi næstu árin. Er umhugsunarvert að umfjöllun um íþróttir á Selfossi sé mikil. Verðum að halda áfram að ala unga fólkið okkar upp í afreksfólk. Margar deildir hafa náð góðum árangri í meistaraflokkum. Þórir þakkar gott samstarf deildanna og sjálfbóðaliða. Það eru börnin okkar sem skipta máli.

11. Ávörp gesta.

Guðbjörg Jónsdóttir, formaður íþrótt- og menningarnefndar Árborgar, tók til máls. Guðbjörg sagði að mikilvægt væri að halda í góða ímynd og það dregur að, fólk vill búa hér. Meirihlutinn vill setja fram ákveðna framtíðarsýn. Áformin hafa verið kynnt í Braga og er samstaða um þau innan Umf. Selfoss, mikilvægt er að vita hvert við stefnum. Bráðavandi hefur komið upp sem oft fylgir íbúafjölgun s.s. eins og með Íðu og handboltann. Vilji er til að reyna að hækka íþróttastyrkinn á hverju ári. Um 80% sóttu um styrkinn á síðasta ári. Stefnumótun er að fara í gang hjá íþrótt- og menningarnefnd þar sem stefna er mótuð til framtíðar og markið sett. Þetta á við í afreksíþróttum og forvörnum. Er stolt af starfinu sem er mikilvægt sem og félaginu.

Helgi Haraldsson, varaformaður HSK, flytur kveðju frá formanni og stjórn Héraðsambandsins Skarphéðins. Þakkar fyrir samstarfið og óskar góðs samstarfs áfram

Björn Ingi Gíslason, heiðursfélagi Umf. Selfoss. Þakkar boðið á fundinn, er stoltur að vera í rúmlega 5.000 manna félagi. Björn Ingi óskar Guðmundi Kr. til hamingju með viðurkenninguna. Vill fagna framsæknu félagi, mætingin á aðalfund er mjög góð sem er einstakt. Hvernig fara Selfyssingar að því að búa til svona mikla íþróttamenn segist hann oft spurður um. Margir byrja fyrstu spörin í Grýlupottahlaupinu. Mikil fagmennska í framkvæmd á mótum og fagmennskan að verða meiri í hverri deild. Vill hrósa öllum deildum fyrir að taka myndir með fána Umf. Selfoss í baksýn og koma m.a. fram í héraðsblöðunum. Gaman að sjá hversu mikið pláss héraðsblöðin gefa íþróttunum og það verður athygli. Starfið er til mikillar fyrirmyndar og óskar hann okkur öllum til hamingju með það. Björn Ingi vildi minnst Harðar S. Óskarssonar með þökk og virðingu við allt sem hann gerði fyrir Umf. Selfoss.

Tómas Ellert Tómasson, bæjarfulltrúi Árborg. Mikið breyst síðustu ár hjá Umf. Selfoss s.s. aðstæður, hefði viljað sjá mun meiri uppbyggingu sl. 40 ár. Fagnar því að Umf. Selfoss hafi tekið vel í tillögur sem bærinn lagði fram varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja. Staðan á íþróttum er sú að forhönnunin er að verða tilbúin. Tómas er mikið spurður um tímasetningar s.s. upphaf og lok framkvæmda. Möguleiki er að setja fyrsta áfangann fari í útboð í maí og jarðvinna í sumar. Getur ekki sagt til um hvenær verkinu verður lokið. Hér er öflugt íþróttastarf og það hefur mikla þýðingu

fyrir íþróttastarfið. Tómas Ellert óskar Guðmundir Kr. og Láru til hamingju með viðurkenningarnar.

Fundarstjóri bað fundarmenn að rísa úr sætum í minningu um Hörð S. Óskarsson, heiðursfélaga Umf. Selfoss, sem var einn mest drífandi í uppbyggingu á félaginu. Hörður lést í janúar 2019.

12. Formaður félagsins gerði grein fyrir tillögum sem lágu fyrir fundinn.

Tillaga 1

Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 4. apríl 2019, þakkar

- þeim sem stutt hafa starf félagsins á árinu meðal annars með þátttöku í starfinu og setu í stjórnnum, ráðum og nefndum.
- stuðningsaðilum, fyrirtækjum, þjálfurum, iðkendum, foreldrum og öðrum sem unnið hafa að framgangi félagsins.
- Sveitarfélaginu Árborg fyrir veittan stuðning við starfsemi félagsins.

Tillaga 2

Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 4. apríl 2019, samþykkir að árgjald félagsins fyrir árið 2019 verði kr. 3.000. Skráning í félagið skal vera aðgengileg í gegnum vefsíðu Umf. Selfoss.

Tillaga 3

Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 4. apríl 2019, lýsir ánægju sinni með það góða samstarf sem félagið á við Sveitarfélagið Árborg en þjónustusamningur aðila er grunnstoðin að faglegu starfi félagsins. Með samningnum er styrkum fótum skotið undir metnaðarfullt starf Umf. Selfoss.

Sem fyrr er ljóst að rekstur meistaraflokka á Selfossi er afar viðkvæmur og því mikilvægt að sveitarfélagið í samvinnu við ungmennafélagið móti skýra framtíðarsýn um vöxt og viðgang meistaraflokka þar sem brugðið getur til beggja vona á stuttum tíma ef ekki er tryggt nægjanlegt fjármagn til grunnreksturs.

Tillaga 4

Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 4. apríl 2019, fagnar metnaðarfullri framtíðarsýn sem bæjarstjórn Árborgar hefur kynnt varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja við Engjaveg á Selfossi.

Fundurinn hvetur til þess að náðið samráð verði haft við ungmenna- og íþróttafélög í Árborg við útfærslu á hugmyndunum þannig að aðkoma allra notenda verði tryggð við hönnunarvinnu sem framundan er. Ljóst er að brynt er að bæta íþróttaaðstöðu á Selfossi enda búa allar deildir félagsins að einhverju leyti við þröngan kost þegar kemur að æfingum og/eða keppni.

Afar mikilvægt er að hefjast strax handa við framkvæmdir við íþróttamannvirki á Selfossi þannig að framkvæmdum verði lokið þegar Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Selfossi um verslunarmannahelgina 2020.

Ungmennafélagið Selfoss mun hér eftir sem hingað til styðja við allar metnaðarfullar hugmyndir sveitarfélagsins er varða uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Tillaga 5

Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá 4. apríl 2019, fagnar ákvörðun UMFÍ um að flytja hluta starfsemi sinnar á Laugarvatn í sumar og opna þar Ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ næsta haust. Fundurinn hvetur Sveitarfélagið Árborg til að tryggja að við gerð fjárhagsáætlunar verði árlega gert ráð fyrir fjármagni er tryggir öllum 9. bekkjum í sveitarfélaginu þátttöku í búðunum. Ennfremur ber að fagna að íþrótt- og ungmennafélög fái tækifæri til að nýta sér aðstöðuna á svæðinu.

Helgi S. Haraldsson lagði eftirfarandi tillögu fram á fundinum.

Tillaga 6

Aðalfundur Umf. Selfoss, haldinn í Tíbrá, 4. apríl 2019, samþykkir að Umf. Selfoss hafi forgöngu um stofnun rafíþróttadeildar/nefndar innan félagsins. Rafíþróttir eru að verða sífellt vinsælli og orðnar keppnisíþrótt í mörgum löndum m.a. Íslandi. Það eru ekki allir sem vilja stunda hefðbundnar íþróttir og því eru rafíþróttir kjörinn vettvangur fyrir þá. Mikilvægt er að skapa góða umgjörð um þær og aðstöðu og líta á þær sem hluta af þátttöku barna og unglinga til að efla félagsþroska og umgengi við jafnaldra.

13. Verðlaunaafhending.

Formaður og framkvæmdastjóri afhentu eftirfarandi viðurkenningar:

- Guðmundur Karl Sigurdórsson fékk afhentan Björns Blöndals bikarinn fyrir framúrskarandi störf í þágu félagsins. Hann hefur verið virkur í starfi Umf. Selfoss frá blautu barnsbeini, sem iðkandi, foreldri og stjórnarmaður aðallega í starfi frjálsíþróttadeildar og knattspyrnudeildar. Þá hefur hann verið manna duglegastur að skrásetja sögu félagsins bæði í myndum og texta. Ávallt tilbúinn að aðstoða við hönnun og útgáfu á efni á vegum félagsins.
- Handknattleiksdeild Umf. Selfoss fékk afhentan UMFÍ bikarinn sem deild ársins fyrir góðan árangur meistaraflokks karla í Evrópukeppni og Íslandsmóti.

Þá veitti formaður félagsins Hlökkverni Erni Rafnssyni silfurmerki fyrir góð störf fyrir félagið.

Kaffihlé var tekið klukkan 21:45. Það stóð í hálf tíma.

14. Umræður og afgreiðsla tillagna.

Gissur tók til máls og list vel á hugmynd Helga varðandi rafíþróttir en leggur til að til að byrja með verði skipuð nefnd en ekki stofnuð deild.

Tómas Ellert list vel á tillögu Helga og gerir ráð fyrir því að bæjarstjórn taki vel í þessa tillögu. Þetta kemur í veg fyrir félagslega einangrun hjá krökkum sem ekki þrífast í hefðbundnum íþróttum.

Viktor tekur undir tillöguna og leggur áherslu á að styðja hana. Hann leggur til að þetta verði sett í nefnd til mótunar áður en þetta verður samþykkt.

Helgi Haralds ítrekar að hann vilji koma með tillögu til að taka af skarið að Umf. Selfoss sé tilbúin og leiði framgang rafíþróttar í sveitarfélaginu. Vill að ungmennafélagið vinni með hópnum sem stundar rafíþróttir.

Guðmundur Kr. tók til máls. Ef kemur ný íþróttagrein þá er byrjað á því að skipa nefnd um greinina og svo deild í framhaldi eftir einhvern tíma. Líst vel á að tekið sé utan um þessa iðkendur hugaríþróttar.

Tillögur sem lágu fyrir fundinn voru samþykktar samhljóða.

15. Lagabreytingar.

Eftirfarandi lagabreytingar lágu fyrir fundinn:

i. Lagt til að 1. mgr. 11. gr. hljóði með eftirfarandi hætti.

„Hver deild innan félagsins hefur sér stjórn og fjárhag. Stjórn hverrar deildar félagsins skal skipuð að minnsta kosti þrem mönnum; formanni, gjaldkera og ritara sem kjörnir eru sérstaklega á aðalfundi viðkomandi deildar og meðstjórnendum skv. ákvörðun aðalfundar hverrar deildar. Ef meðstjórnendur eru kjörnir ákveður deildarstjórn verkaskiptingu þeirra á fyrsta stjórnarfundum. Kjörtímabil deildarstjórna er á milli aðalfunda viðkomandi deilda. Skylt er að halda stjórnarfundum reglulega. Halda skal sérstaka gjörðabók um stjórnarfundum og senda afrit fundargerða til framkvæmdastjórna.“

Skv. núgildandi lögum er 11. gr. svohljóðandi.

11. grein.

Hver deild innan félagsins hefur sér stjórn og fjárhag. Stjórn hverrar deildar félagsins skal skipuð þrem til sjö mönnum; formanni, gjaldkera og ritara sem kjörnir eru sérstaklega á aðalfundi viðkomandi deildar og allt að fjórum meðstjórnendum. Deildarstjórn ákveður verkaskiptingu meðstjórnenda á fyrsta stjórnarfundum. Kjörtímabil deildarstjórna er á milli aðalfunda viðkomandi deilda. Skylt er að halda stjórnarfundum reglulega. Halda skal sérstaka gjörðabók um stjórnarfundum og senda afrit fundargerða til framkvæmdastjórna.

Heimilt er að stofna unglíngaráð innan deilda sem skal sérstaklega sjá um og vinna að eflingu starfsins hjá börnum og unglíngum. Unglíngaráð starfar á vegum stjórnar deildarinnar og skal kosið í það á aðalfundi deildar eða skipun þess staðfest á aðalfundi. Deildirnar skulu setja sér nánari reglur um skipun, starfshætti og starfsemi unglíngaráðs. Halda skal fjárhag unglíngaráðs aðskildum frá öðrum fjárhag deildarinnar en áætlanir og ákvarðanir um fjáraflanir og ráðstöfun fjármuna skulu hljóta samþykki deildarstjórnar, og lúta að öllu leyti sömu skilmálum og gilda um fjármál deilda, sbr. m.a. ákvæði 13. greinar laga þessara.

Framlagðar breytingar voru samþykktar samhljóða.

16. Gissur Jónsson lagði fram fjárhagsáætlun aðalstjórnar fyrir árið 2019 til samþykktar og fjárhagsáætlun deilda til staðfestingar. Fjárhagsáætlanir deilda fyrir árið 2019 hafa þegar verið samþykktar á aðalfundum deildanna og voru þær staðfestar á fundinum.

Fjárhagsáætlun aðalstjórnar var samþykkt samhljóða.

17. Árgjöld félagsins og deilda.
Afgreiðsla um árgjöld félagsins og deilda var afgreidd fyrr á fundinum undir dagskráliðnum „afgreiðsla tillagna“.

18. Stjórnarkjör.
Eftirfarandi tillaga um skipan stjórnar var samþykkt samhljóða:
Formaður: Viktor Stefán Pálsson.
Gjaldkeri: Hjalti Þorvarðarson.
Ritari: Dýrfinna Sigurjónsdóttir.
Meðstjórnendur: Sigrún Hreiðarsdóttir og Sverrir Einarsson.

Eftirfarandi tillaga um tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara var samþykkt samhljóða:
Kristín Traustadóttir og Sigrún Helga Einarsdóttir.
Til vara: Snorri Sigurfinnsson og Ólafur Ragnarsson.

Eftirfarandi tillaga um skipan jólasveina- og þrettándanefndar var samþykkt samhljóða:
Svanur Ingvarsson, Þröstur Ingvarsson, Guðmundur Kr. Ingvarsson og Þórarinn Ingólfsson.

19. Önnur mál.
Gissur óskaði nýkjörinni stjórn og nefndum til hamingju og hlakkaði til að vinna með þeim. Vildi nefna að á RIGG voru rafíþróttir sú íþrótt sem fékk mest áhorf í beinni útsendingu. Hann hlakkar til að takast á við þetta verkefni. Þurfum einnig að hjálpa íþróttamönnum sem stunda rafíþróttir að nærast rétt og vekja þá til umhugsunar um gildi hreyfingar. Í Braga er fjallað um heimsókn til Árósa í Danmörku, einni spurningu frá Dönum átti Gissur erfitt með að svara „þið eruð með flott yngri flokka starf en hvað verður svo um fólkið þegar það er orðið 22 ára?“ Þessu gat framkvæmdastjóri varla svarað. Hann spyr því, hvert fara iðkendur þegar þeir hætta í sinni grein? Þurfum að ákveða hvort við ætlum að taka þátt í þessu verkefni. Gissur þakkaði fyrir fundinn og hlakkaði til komandi árs.

Guðmundur Kr. Jónsson óskar nýkjörinni stjórn með kjörið, sýnir festu í ungmennafélaginu að sama fólkið er aftur kjörið og sýnir samstöðuna. Lýsir ánægju sinni með blaðið Braga. Vill að stofnum almenna íþróttadeild, ættum að boða til fundar með öllum hagsmunaaópum til að sameina sem eina heild til stærri átaka. Eigum að vera montin af því að vera Umf. Selfoss í dag. Selfoss er vínrautt.

Viktor endurkjörinn formaður. Þakkar traustið sem honum hefur verið sýnt með því að vera formaður eitt ár í viðbót og óskar öðrum kjörnum fulltrúum til hamingju með starfið. Verkefni næsta árs verða af breyttum toga, verður gaman að takast á við ný verkefni s.s. rafíþróttirnar. Verðum eflaust öll í vinnu næsta árið að undirbúa unglíngalandsmót 2020. Viktor þakkar góðan fund.

Fundi slitið af fundarstjóra kl. 22:50.

Dagrún Ingvarsdóttir
Svanur Ingvarsson